


DRUMMING

Slagverkshópurinn Kroumata
Félagar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

2010/11



AÐALSTYRK TARADILAR

BORGUN



Morgunbladid

Tónleikar í Háskólabíói 25. mars 2011 kl. 21:00

Slagverkshópurinn Kroumata: Johan Silvmark, Roger Bergström, Ulrik Nilsson, Pontus Langendorf, Uffe Stromqvist og Martin Ödlund

Félagar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands: Eggert Pálsson, Frank Aarnink, Kjartan Guðnason, Steef van Oosterhout

Sareidah Hildebrandt, flauta

Hannah Holgersson og Sofia Niklasson, söngur

DRUMMING

Steve Reich

Drumming (1970–71)

Part One

Part Two

Part Three

Part Four



Slagverkshópurinn Kroumata hefur nú starfað í yfir 30 ár og hefur flutt verk eftir flest helstu tónskáld 20. aldarinnar, m.a. Sofiu Gubaidulinu, John Cage, Iannis Xenakis, Steve Reich og Toru Takemitsu. Kroumata hefur frumflutt yfir 220 tónverk og leikið í yfir 40 þjóðlöndum, frá Reykjavík í norðri til Sao Paulo í suðri. Á undanförunum árum hefur Kroumata leikið í Lincoln Center í New York, í Berlínarfilharmóníunni og Konzerthaus í Vínarborg, auk þess sem hópurinn hefur haldið í tónleikaferðir til Brasilíu, Mexíkó, Taiwan, Portúgals, Ítalíu og Finnlands.

Kroumata hefur einnig komið fram með fjölda hljómsveita og annarra tónlistarhópa. Þar má til dæmis nefna Fílarmóníuhljómsveitina í Los Angeles, Sinfóníuhljómsveitina í Berlín og Sænsku útvarpshljómsveitina. Hópurinn hefur leikið inn á yfir 20 hljómdiska og á sér breiðan aðdáendahóp um allan heim. Kroumata lék við fimmtugsafmæli Karls Gústafs Svíakonungs árið 1996, og hélt sérstaka hátíðartónleika í hallargarðinum í Stokkhólmi sumarið 2002 í tilefni af 750 ára afmæli borgarinnar. Kroumata hefur áður leikið tvívegis á Íslandi: í Íslensku óperunni árið 1995 og með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2001.

Kroumata stóð nýverið fyrir dagskrá í Konserthuset í Stokkhólmi þar sem Steve Reich var heiðraður. Voru þar flutt helstu verk hans fyrir slagverkssveit, meðal annars *Drumming*, *Proverb* og *City Life*. Nafnið Kroumata er dregið af gríska orðinu fyrir slagverkshljóðfæri.

Þetta er í fyrsta sinn sem verk eftir Steve Reich hljómar á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Slagverksleikarar úr SÍ hafa nokkrum sinnum flutt verk hans utan veggja Háskólabíós, til dæmis á Háskólatónleikum í Norræna húsinu 1990. Íslenski flautukórinn flutti verkið Vermont Counterpoint fyrir 11 flautur og segulband í Langholti skirkju árið 2003.

STEVE REICH

Drumming



Steven Michael Reich fæddist í New York árið 1936. Hann sótti píanótíma sem barn, en tónlistaráhuginn vaknaði fyrir alvöru þegar hann hóf slagverksnám fjórtán ára gamall hjá Roland Kohloff, pákuleikara Fílharmoníuhljómsveitarinnar í New York. Reich stundaði heimspekinám við Cornell-háskólann en síðar söðlaði hann um og stundaði tónsmíðanám við Juilliard í New York og Mills College í Kaliforníu; meðal kennara hans voru Vincent Persichetti og Luciano Berio.

Reich var meðal brautryðendanna í hinum nýja naumhyggjustíl sem haslaði sér völl í Bandaríkjunum um miðjan sjöunda áratuginn. Meðal helstu áhrifavalda á þann stíl var segulbandataekni: hægt var að búa til síspilandi lykkjur sem fóru fram eða aftur hvor úr annarri, og þannig varð til aðferð sem Reich nefndi *phasing* eða fösun. *Phasing* er þegar tveir eða fleiri hljóðfæraleikarar leika sama endurtekna tónmynstrið, en annar breytir örlítið um tempó meðan hinn heldur sínu striki. Þá endar með því að línurnar hljóma á skjön hvor við aðra, þangað til þær ná aftur saman á öðrum punkti í verkinu. Fyrstu stóru verkin í þessum stíl samdi hann árið 1967: *Piano Phase* og *Violin Phase*, þar sem fjórar fiðlur verða smám saman viðskila og renna saman aftur.

Naumhyggjan sótti einnig innblástur í tónlist fjarlægra þjóða, ekki síst afrískan trommuleik og gamelan frá Java og Balí. Eftir stóra tónleika í Guggenheim-safninu vorið 1970 hélt Reich til Ghana, þar sem hann lærði hjá trommaranum Gideon Alorwoye af Anlo Ewe-ættbálknum. Reich hafði hugsað sér að dvelja þar um nokkurra mánaða skeið, en veiktist af malaríu og flaug heim að fimm viknum liðnum.

Við heimkomuna hófst hann handa við að semja *Drumming*, og í kjölfarið fóru hjólin að snúast. Heimsfrægðin var innan seilingar: Sinfóníuhljómsveitin í Boston lék *Four Organs* á tónleikum 1971, og þremur árum síðar var tónlistarhópur Reichs fenginn til að hljóðrita verk hans fyrir Deutsche Grammophon, eitt virtasta plötuforlag heims.

Mörg helstu verk Reichs eru samin á stórum skala; þar má til dæmis nefna *Music for 18 Musicians* (1974–76) fyrir slagverk, söngkonur, strengi og klarínett, og leik/söngverkið *The Cave* (1990–93), sem tekur heila kvöldstund í flutningi. Um 1980 fór tónlist hans að taka á sig dekkri blæ en áður; hann hefur m.a. fjallað um efni á borð við AIDS og deilur Ísraels og Araba í tónlist sinni. *Different Trains* (1988) fyrir strengjakvartett og

segulband er eitt helsta meistaraverk Reichs. Hér notar hann hljóðritanir með tali barnfóstru sinnar í bland við frásagnir þeirra sem lifðu af helförina. Þessar frásagnir nóterar hann eins og söng og lætur kallast á við áhrifamikið spil strengjanna. Reich er nú almennt talinn með merkustu núlifandi tónskáldum Bandaríkjanna. Hann hlaut Polar-verðlaunin árið 2007 ásamt djass-saxófónleikaranum Sonny Rollins, og Pulitzer-verðlaunin 2009 fyrir verk sitt, *Double Sextet*.

Drumming var lengsta tónsmíð Reichs fram að þessum tíma, samin fyrir átta bongó-trommur, þrjár marimbur, þrjú klukkuspil, tvær sópranraddir og einn flautuleikara. Það þarf í það minnsta níu slagverksleikara í flutninginn, en verkið hefur einnig verið flutt með fleiri slagverksleikurum sem dreifa hlutverkum öðruvísi á milli sín. Meðan Reich vann að verkinu stóð hann sjálfan sig stundum að því að syngja með eigin trommuleik, og ákvað að bæta við söngröddum sem myndu ekki syngja texta, heldur líkja eftir hljómi hljóðfæranna. Þar sem tíðnin fer upp fyrir það sem sópranröddin ræður við biður Reich um bæði blístur og piccoloflautu.

Verkið skiptist í fjóra hluta og hefur hver kafli sína eigin hljóðfæraskipan:

Fyrsti hluti: fjögur pör af bongótrommum

Annar hluti: þrjár marimbur, tvær sópranraddir

Þriðji hluti: þrjú klukkuspil, flautuleikari

Fjórdi hluti: allur hópurinn

Lengd verksins getur verið nokkuð breytileg, þar sem flytjendurnir ákveða sjálfir hversu oft skal endurtaka hvern bút verksins. Hljóðritanir eru yfirleitt milli 55 og 80 mínútur að lengd.

Drumming byggir á siendurteknum rytma, sem Reich byggir upp smám saman með tækni sem hann kallar „slög fyrir þagnir“. Rytmíska mynstrið er til staðar allt frá byrjun, en í staðinn fyrir sum slögin hefur Reich sett þagnir. Smám saman tekur hann þagnirnar út og setur hljómandi slög í staðinn, þannig að meginstrúktúr verksins er statískur þótt verkið sé stöðugt á hreyfingu; uppbyggingin fer þannig fram að smám saman verða slögin fleiri, auk þess sem ákveðin riðlun verður til þegar þau fasast inn og út.

Fyrsta hljóðritun verksins var gerð árið 1971 og tók tónskáldið sjálft þátt í þeim flutningi, lék bæði á slagverk og flautaði. Steve Reich hljóðritaði verkið aftur fyrir Nonesuch-útgáfuna árið 1987, en auk þess hafa komið á markað að minnsta kosti þrjár hljóðritanir með öðrum slagverkshópum.

Sónata í A fyrir bragðlaukana

*Komdu á Skrúður áður en
þú ferð á tónleikana
og kvöldið verður ógleymanlegt.*



Skrúður
bistro • restaurant • bar

Hótel Sögu / S: 525 9970 / www.skrudur.is

Þér við sælusæti bjóðum
með sinfónískum töfrahljóðum.
Slíka gjöf má gjarnan þiggja
á gleðina mun ekkert skyggja.
– Okkar hlutverk er að tryggja.



VÍS er stoltur bakhjarl Sinfóníuhljómsveitar Íslands



Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is